

# Að mála timburhús með gamaldags þekjandi olíumálningu



## Aðferð

Undirlagið skal vera hreint og þurrt (mest 16% raki í viði).

## Nýmálun

1. Slípið og opnið hefлаðan við með sandpappír, t.d. nr. 100.
2. Gegndreypið alla fleti sem mála skal með Tinova Wood Base Oil og þá sérlega vel liggjandi við og gljúpa fleti eins og endatré.
3. Grunnið alla fletina með Tinova Traditional Primer Exterior.
4. Málið yfir tvær umferðir með Tinova Traditional Exterior.
5. Á lítið hallandi fleti er ráðlegt að setja aukaumferð.



## Endurmálun

1. Þvoið allan flötinn með Original Málartvätt. Blandið Málartvätt með allt að 20 hlutum vatns móti 1 hlut hreinsiefnisins. Fyrir mjög óhreina fleti skal blanda vatni í hlutfallinu 10:1. Berið blönduna á með svampi eða burstu. Látið blönduna liggja á fletinum í nokkrar mínútur og skrubbið af með blautri tusku eða burstu og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með þörunga- og mygluhreinsi. Skolið vel eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Alla gamla og lausa málningu skal fjarlægja. Slípið gljáandi fleti matta með sandpappír til að tryggja góða viðloðun. Fúa eða gráma í tré skal þússa niður eða fjarlægja með grámahreinsinum Tinova Wood Cleaner uns komið er í eðlilegan viðarlit. Eftir meðferð með grámahreinsi þarf viðurinn að þorna vel í 1-3 daga.
3. Gegndreypið beran við með Tinova Wood Base Oil. Grunnið hann síðan með Tinova Traditional Primer Exterior.
4. Málið yfir 2 umferðir með Tinova Traditional Exterior.
5. Á lítið hallandi fleti er ráðlegt að setja aukaumferð.

## Annað

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Málið ekki ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á regni eða daggarmyndun næstu klukkustundirnar eftir lok verks.

## Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vel eftir notkun. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella olíuleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og efnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.

## Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Tegund:** Alkýðolía

**Gljástig:** 30%

**Yfirmálun:** Wood Base Oil 24 klst; Primer Exterior 16 klst; Traditional Exterior 16 klst

**Hiti við málun:** Minnst +5°C, mest +25°C

**Rakastig:** 40-80%

**Þynning:** Hreinsuð terpentína

**Verkfæri:** Penslar, rúllur

**Þekja:** Wood Base Oil 4,5-5,5 m<sup>2</sup>/l; Primer Exterior 4-8 m<sup>2</sup>/l; Traditional Exterior í nýmálun 4-6 m<sup>2</sup>/l og endurmálun 6-8 m<sup>2</sup>/l

**Hreinsun:** Hreinsuð terpentína

**Geymsla:** Í frostfríu rými

